



FUNDARGERÐ 491. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 9. janúar 2024. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Málafni grenndarstöðva – staða textílverkefnis

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri SORPU, tekur sæti við upphaf fundar og gerir grein fyrir stöðu söfnunar á textíl hjá SORPU.

Ísól Fanney víkur af fundi klukkan 08:32.

2. Málafni endurvinnslustöðva – erindisbréf vegna framtíðarskipulags endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindisbréfi vegna framtíðarskipulags endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Framlagt erindisbréf er samþykkt.

3. Gjaldskrárbreytingar SORPU

Stjórn SORPU ræðir gjaldskrárbreytingar SORPU sem tóku gildi um áramótin. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að tekjur SORPU hækki um tæp 12% milli ára. Ástæða hækkunarinnar er fyrst og fremst til komin vegna mun bættrar meðhöndlunar á úrgangi með útflutningi á blönduðu rusli til orkuvinnslu og því að verulega verður dregið úr urðun í Álfsnesi. Hvort tveggja hefur í för með sér hærri einingaverð. SORPA er bundin af lögum um meðhöndlun úrgangs, sem gera kröfu um að innheimtur sé raunkostnaður við meðhöndlun hvers úrgangsflokks fyrir sig.

Stjórn SORPU kallar í því ljósi eftir að framkvæmdastjóri láti meta svigrúm til endurskoðunar gjaldskrárbreytinga.



4. Erindi frá FA – svar við erindi

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar svar við erindi Félags atvinnurekenda.

5. Önnur mál

Stjórn SORPU ræðir stöðu á máli ESA vegna tekjuskattsundantögu byggðasamlaga.

Stjórn SORPU ræðir áframhaldandi aðgengi að bréfpokum undir matarleifar.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 6. febrúar klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:39.



SORPA



Söfnun og meðhöndlun á textíl

Tímalína verður 1 til 3 ár

- Verkefni 2024 eru:
 - Tryggja söfnun á grenndarstöðvum og endurvinnslustöðvum í samræmi við lög
 - Koma upp ábyrgri afsetningu á því sem ekki er endurnotað eða –unnið
 - Greina umhverfi endurnotatextíls á Íslandi
- Verkefni ársins 2024 eru hafin og vel á veg komin
- Rauði krossinn mun áfram vera leiðandi í flokkun og endurnotum
- SORPA mun auka færni sína í flokkun og endurnotum á komandi árum til að mæta spurn eftir innlendum endurnotum

Staðan

- Erum að vinna að því að taka yfir söfnun á grenndarstöðvum og endurvinnslustöðvum
- Gert í góðri samvinnu við Rauða krossinn, sem mun áfram gegna lykilhlutverki í meðhöndlun textíls á Íslandi



Forgangsröðun markmiða

- Ábyrg afsetning
- Auka endurnot
 - Flokkun innanlands
 - Samvinna við skóla, listamenn, leikhús, kvikmyndaframleiðendur
- Hagkvæmni



Móttaka á textíl

- Sorpa mun hefja útflutning á textíl sem ekki nýtist á Íslandi
- Vinna í gangi innanhús
- Sorpa mun taka við textíl frá öðrum sveitarfélögum til útflutnings





ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu

Ábyrgðaraðili:

Framkvæmdastjóri SORPU bs.

Inngangur:

Á fundi stjórnar SORPU bs. þann 5. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að fara yfir núverandi stöðu, greina þarfir, fyrirbyggjandi skyldur og leggja drög að framtíðarsýn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að fjölda og staðarvali endurvinnslustöðva.

Nánar tiltekið er hópnum falið að:

1. Taka saman núverandi stöðu, afla allra helstu upplýsinga og forsendna
2. Uppfæra gögn um uppland stöðva, áhrif fjölda og staðsetninga
3. Ákveða þjónustuviðmið
4. Gera tillögu að staðsetningum og fjölda endurvinnslustöðva
5. Gera áætlun um hvenær hver stöð verður tekin til notkunar
6. Gera kostnaðar og rekstraráætlun

Starfshópin skipa:

Guðmundur B. Friðriksson, formaður, Reykjavík,

Benedikt Traustason, Reykjavík,

Birkir Rútsson, Kópavogi,

Karen Jónasdóttir, Kópavogi,

Ishmael R. David, Hafnarfirði,

Egill Daði Gíslason, Garðabæ,

Sigurður Hafliðason, Garðabæ,

Dóra Lind Pálmarsdóttir, Mosfellsbæ,

Helga Hvanndal Björnsdóttir, Seltjarnarnesi,

**Starfsmenn:**

Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi hjá VSÓ ráðgjöf,
Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri SORPU,
Starfsmenn SORPU aðstoða starfshópinn eftir því sem á við.

Starfstímabil:

Hópurinn skili skýrslu 1. október og geri grein fyrir henni á fundi stjórnar SORPU í október. Hópurinn upplýsi framkvæmdastjóra og stjórn SORPU mánaðarlega, fyrst á fundi stjórnar í febrúar 2024, um framgang verkefnisins.

Reykjavík, 8. janúar 2024

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Hjálagt:

Fundargerð 489. fundar stjórnar SORPU bs.

Minnisblað lagt fram á 489. fundi stjórnar SORPU bs.



FUNDARGERÐ 489. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 5. desember 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir í fjarveru Árelíu Eyðísar Guðmundsdóttur, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Málefni endurvinnslustöðva – farið verður yfir verkefnatillögu vegna framtíðarskipan endurvinnslustöðva og verkefnatillögu vegna staðsetningar stöðvar í stað Dalveg

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, og Karen Hulda Kristjánsdóttir, verkefnastjóri á endurvinnslustöðvum, taka sæti á fundinum. Guðmundur greinir frá vinnu ráðgjafa við staðarvalsgreiningu á endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, og verkefnalýsingu starfshóps um nýja staðsetningu í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.

„Stjórn SORPU fagnar því að vinna við heildstæða stefnumótun fyrir endurvinnslustöðvar SORPU sé hafin. Stjórn leggur til að skipaður verði starfshópur, sem samanstendur af tæknimönnum sveitarfélaganna sex, sem þegar hafa með góðum árangri samræmt sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og komið á sérsöfnun á matarleifum, undirbúið samræmda útfærslu á grenndarstöðvum, samþykktum fyrir sveitarfélögin í úrgangsmálum, og samræmingu á gjaldskrárgrunni fyrir gjöld sem snúa að meðhöndlun úrgangs. SORPA leggi hópnum til verkefnastjóra og starfshópur kynni framgang verkefnisins reglulega á stjórnarfundi, og skili lokaafurð 1. október 2024.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að rita erindisbréf starfshópanna.“

Guðmundur og Karen víkja af fundi klukkan 08:37.

2. Innri endurskoðunaráætlun SORPU bs. kynnt

Guðfinnur Sigurvinsson tekur sæti á fundinum klukkan 08:40.

Jón Sigurðsson endurskoðandi PwC, og Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi í endurskoðunarnefnd SORPU, taka sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði klukkan 08:40.

Gestir gera ráð fyrir innri endurskoðunaráætlun SORPU bs.

Gestir víkja af fundi klukkan 08:59.

Stjórn samþykkir framlagða innri endurskoðunaráætlun.



3. Pokar undir matarleifar – minnisblað frá tæknimönnum sveitarfélaga kynnt

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 09:00.

Ísól Fanney og Gunnar Dofri gera grein fyrir minnisblaði um áframhaldandi dreifingu á pokum undir matarleifar.

„Stjórn SORPU fagnar góðum árangri af nýju sorphirðukerfi. Árangur af því er framar vonum og ljóst að íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið vel í nýtt kerfi. Til að tryggja áframhaldandi árangur í flokkun matarleifa er mikilvægt að halda áfram gjaldfrjálsri dreifingu bréfpoka til íbúa að sinni. Stjórn felur framkvæmdastjóra að tryggja að svo verði, og tryggja markvissa dreifingu bréfpoka til íbúa á starfssvæði SORPU.“

Ísól vísar af fundi klukkan 09:27.

4. Erindi frá áhættunefnd SORPU – kynning og samþykkt á stefnum SORPU bs.

Bergþór Guðmundsson, sérfræðingur í gæðastjórnun hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 09:28.

Bergþór og Sigríður kynna samþykkt á stefnum SORPU er varða upplýsingaöryggi, innkaup, mannauðs- og launastefna, og öryggis- og heilbrigðisstefna.

Sigríður gerir grein fyrir áhættuskrá SORPU.

Stjórn samþykkir fram lagðar stefnur SORPU. Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að uppfæra skipurit SORPU þannig að áhættunefnd SORPU heyri beint undir stjórn.

Bergþór vísar af fundi klukkan 09:40.

5. Staða og horfur á útflutningi á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir útflutningi á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu. Fyrstu baggar af blönduðum úrgangi voru settir í gám þann 1. desember síðastliðinn og verða fluttir út til orkuvinnslu þann 6. desember. Gert er ráð fyrir að útflutningur á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu taki alfarið við af urðun í Álfsnesi um miðjan desember.

Stjórn fagnar því að útflutningur á blönduðum úrgangi sé hafinn, með tilheyrandi samdrætti í urðun í takt við nýjan viðauka við eigendasamkomulag SORPU.

6. Erindi frá Félagi atvinnurekenda

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda vegna hvatningar SORPU á svokölluðum svörtum föstudegi þann 24. nóvember síðastliðinn að staldra við og halda kaupum í lágmarki.

Málið er tekið til umræðu og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

7. Áfrýjun á dómi Landsréttar í máli ÍAV og SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeirri ákvörðun að fela lögmönnum SORPU í málinu að leita heimildar til áfrýjunar niðurstöðu Landsréttar til Hæstaréttar.



Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 19. desember klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:08.



Til: Framkvæmdastjóra og stjórnar SORPU bs.

Frá: Guðmundi Tryggva Ólafssyni, rekstrarstjóra EVST

Efni: Starfshópur um framtíðarskipulags endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavík, 4. desember 2023

Framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt:

- SORPA rekur sex endurvinnslustöðvar sem taka á móti 50-60% alls þess úrgangs sem heimilin framleiða
- Ein þeirra er endurvinnslustöðin á Sævarhöfða, sem mun loka um leið og ný stöð á Lambhagavegi opnar
- Tími er komin til að uppfæra hönnun stöðvanna, gera þær öruggari, skilvirkari og skapa þar aðstæður sem tryggja betri afkastagetu og miðast hönnun stöðvarinnar á Lambhagavegi við þær kröfur
- Ákall er frá eigendum, stjórn og notendum að færa restina af kerfinu til betri vegar og því er lagt til að stofnaður verði starfshópur sem hefur það að markmiði að útfæra framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu
- Kallað er eftir útnefningum í hópinn frá stjórn

Endurvinnslustöðvar sveitarfélaganna eru liður í að sveitarfélögin geti sinnt skyldum sínum í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Lögum þessum samkvæmt er sveitarfélögunum ætlað að ná auknum árangri við flokkun, endurvinnslu og endurnotkun úrgangs. Endurvinnslustöðvarnar veita heimilum og minni rekstraraðilum grunnþjónustu sem góð sátt ríkir um.

Endurvinnslustöðvarnar eru að Breiðhelli undanskilinni reknar með samskonar fyrirkomulagi og farið var af stað með fyrir um 30 árum en ákall er frá notendum um að uppfæra hönnun stöðvanna og bæta aðgengi og þjónustustig. Tími er því komin til að uppfæra hönnun stöðvanna, gera þær öruggari, skilvirkari og skapa þar aðstæður sem tryggja betri afkastagetu og þjónustu.

Nú þegar eru fyrirsjáanlegar breytingar á núverandi staðsetningu nokkurra endurvinnslustöðva. Kópavogsbær hefur boðað lokun stöðvarinnar á Dalvegi í september 2024 og stöðinni á Sævarhöfða verður lokað fyrrihluta árs 2025. Ný stöð mun opna á Lambhagavegi 14, fyrrihluta árs 2025.

Vegna fyrirsjáalegra breytinga er lagt til að stofnaður verði starfshópur á forræði stjórnar SORPU og er kallað eftir hugmyndum frá stjórn um skipan hans.

Hlutverk starfshópsins verður að fara yfir núverandi stöðu, greina þarfir, fyrirleggjandi skyldur og leggja drög að framtíðarsýn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að fjölda og staðarvali endurvinnslustöðva. Nánar tiltekið er hópnum falið að:

1. Taka saman núverandi stöðu, afla allra helstu upplýsinga og forsendna
2. Uppfæra gögn um uppland stöðva, áhrif fjölda og staðsetninga
3. Ákveða þjónustuviðmið
4. Gera tillögu að staðsetningum og fjölda endurvinnslustöðva
5. Gera áætlun um hvenær hver stöð verður tekin til notkunar
6. Gera kostnaðar og fjármögnunaráætlun

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum sínum til stjórnar SORPU fyrir 1. október 2024.



Til: Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda
Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Efni: Svar við erindi Félags atvinnurekenda

8. janúar 2024

Svar við erindi Félags atvinnurekenda

Sæll Ólafur,

Þakka þér fyrir erindi þitt. Eins og fram kemur í erindi þínu, sem hangir við svarbréf þetta, starfar SORPA bs. meðal annars eftir stofnsamningi byggðasamlagsins frá árinu 2007.

Í honum segir meðal annars:

„2. gr. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr lög nr 55 / 2003 fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Verkefni byggðasamlagsins fela m.a. í sér eftirfarandi:

- a) Að útvega og starfrækja urðunarstað fyrir sorp.*
- b) Byggja og reka móttökustöðvar.*
- c) Flutninga á sorpi frá móttökustöðvum.*
- d) Framleiðslu og sölu á eldsneyti og orku úr sorpi eftir því sem hagkvæmt þykir.*
- e) Vinnslu og sölu á efnum úr sorpi til endurnýtingar eftir því sem hagkvæmt þykir.*
- f) Samstarf og viðskipti við fyrirtæki er starfa á sviði endurvinnslu úrgangsefna eftir því sem hagkvæmt þykir.*
- g) Að fylgjast með tækniþróun á sviði sorpeyðingar og endurvinnslu.*
- h) Að sjá um eyðingu hættulegra úrgangsefna.*
- i) Að þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum.*
- j) Að sinna kynningu á verkefnum SORPU og gildi umhverfissjónarmiða við meðhöndlun sorps.*
- k) Gera svæðisáætlanir sbr. lagakröfur hverju sinni.*
- l) Önnur verkefni sem aðildarfélögin fela byggðasamlaginu sérstaklega.“*

Eins og glögglega sést í 2. gr. áður nefnds stofnsamnings er SORPU falið að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir nú sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim lögum er sveitarfélögum falin margvísleg hlutverk, sem sveitarfélögin sex hafa að miklu leyti falið byggðasamlaginu SORPU að annast.

Í markmiðsákvæði laganna í 1. mgr. 1. gr. segir: *markmið laga þessara er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis og tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að [...] stuðlað sé að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu til að draga úr myndun úrgangs.*

Í 1. mgr. 7. greinar laganna er jafnframt að finna forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sem í tali þeirra sem starfa í þessum málaflokki nefnist úrgangspríhyrningurinn. Þar segir:

„Við meðhöndlun úrgangs og setningu reglna um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum skal eftirfarandi forgangsröðun lögð til grundvallar:



- a. úrgangsförvarnir,
- b. undirbúningur fyrir endurnotkun,
- c. endurvinnsla,
- d. önnur endurnýting, t.d. orkuvinnsla, og
- e. förgun.

Við forgangsröðun í meðhöndlun úrgangs skal leitast við að velja þá kosti sem skila bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið. Heimilt er að tilteknir straumar úrgangs víki frá forgangsröðuninni þegar slíkt er réttlætanlegt út frá sjónarmiðum um áhrif alls vistferilsins á myndun og stjórnun slíks úrgangs.“

Af þessu má glögglega sjá að úrgangsförvarnir – það að koma í veg fyrir myndun úrgangs – er efst á forgangslista hvers þess sem sinnir verkefnum á sviði úrgangsméðhöndlunar.

Í 2. mgr. 24. gr. laganna er svo að finna eftirfarandi: „Sveitarstjórnir skulu annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsförvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.“

Á sveitarfélögum, og þar með byggðasamlagi sveitarfélaga sem sinnir meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélög, hvílir því sú skylda að stuðla að því að draga úr myndun úrgangs, forgangsráða úrgangsförvörnum eins og kostur er umfram aðra meðhöndlun úrgangs, og að annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsförvarnir, og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál.

Af þessu er ljóst að SORPU er ekki aðeins heimilt heldur beinlínis skylt að beita kröftum sínum til að sporna við myndun úrgangs, til dæmis með þeim hætti sem gert var með upplýsingaefni því sem birtist þann 24. nóvember síðastliðinn.

Í því samhengi er rétt að vekja athygli þína á því að SORPA stendur ekki ein að þessu verkefni. Rannsóknarsetur verslunarinnar gaf til að mynda út að jólagjöfin í ár væri [samverustund](#). SORPA fagnar þessu framtaki rannsóknarsetursins, sem styður með ákvörðun sinni myndarlega við úrgangsförvarnir.

Hvað fyrri spurningu þína varðar um sannleiksgildi þeirra fullyrðinga sem þar birtust vísast á hlekki neðst á vefsvæði því sem gert var í tilefni svarts föstudags fyrir umhverfið, [svartur.sorpa.is](#).

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Sorpa bs.
Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri
Köllunarklettsvegi 1
104 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2023

Efni: Auglýsingaherferð Sorpu vegna „svarts föstudags“

Í Félaga atvinnurekenda (FA) eru fjölmörg verzlunarfyrirtæki, sem skapa þúsundir starfa og miklar skatttekjur, meðal annars fyrir sveitarfélögin sem eru eigendur Sorpu bs. Eigendum margra þessara fyrirtækja kom spáskt fyrir sjónir að heyra opinbert fyrirtæki hvetja neytendur til þess í auglýsingaherferð að verzla minna og nýta sér ekki tilboð á svokölluðum svörtum föstudegi.

Sorpa efndi í síðustu viku til herferðar, eins og það er kallað á vef fyrirtækisins, til að hvetja fólk til að „stalda aðeins við“, slaka á og „kaupa minna“. Í auglýsingunum var að finna fullyrðingar eins og eftirfarandi:

„80% af því sem keypt er í dag endar í ruslinu eftir litla sem enga notkun“

„70% raftækja sem keypt eru í dag er ekki hægt að endurvinna“

„60% af fatnaði sem keyptur er í dag endar í urðun“

FA óskar svara um það frá Sorpu bs. hvaða rannsóknir og greiningar liggja að baki þessum fullyrðingum og hvort fyrirtækið telji að þær standist ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, um að auglýsendur verði að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti.

Jafnframt er óskað eftir rökstuðningi fyrir því hvernig fyrirtækið telji að áður nefnd auglýsingaherferð samrýmist hlutverki Sorpu bs. samkvæmt stofnsamningi félagsins frá maí 2007.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA